

Félags – og skólaþjónusta
RANGÁRVALLA- OG VESTUR- SKAFTAFELLSSÝSLU
Suðurlandsvegur 1-3, 850 Hella og Austurvegur 4, 860 Hvolsvelli

FUNDARGERÐ

91. fundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu (FSRV) var haldinn kl. 10:15 þriðjudaginn 10. júní 2025 að Suðurlandsvegi 1-3, Helli.

Fundinn sátu: Einar Freyr Elínarson formaður, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir varaformaður, Kristín Hreinsdóttir ritari, Einar Kristján Jónsson, Sigríður Karólína Viðarsdóttir og Svava Davíðsdóttir framkvæmdastjóri. Einnig sátu fundinn Valtýr Valtýsson sveitarstjóri Ásahrepps og Berglind Hákonardóttir endurskoðandi og Klara Viðarsdóttir fjármálastjóri sátu fundinn undir 1. lið, Halldóra Guðlaug Helgadóttir teymisstjóri skólaþjónustu sat fundinn undir 2. lið.

Kristín Hreinsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. *Ársreikningur 2024*

Berglind Hákonardóttir kynnti endurskoðunarskýrslu. Engin veruleg frávik fundust við endurskoðun. Rekstrartekjur og rekstrargjöld námu tæpum 300 millj. kr. Handbært fé í árslok er tæpar 30 millj. kr. Klara og Berglind fóru af fundi kl. 10:40.

Samþykktur samhljóða og undirritaður af stjórn og framkvæmdastjóra.

2. *Ársskýrsla skólaþjónustudeildar*

Halldóra Guðlaug teymisstjóri skólastjónustu kynnti ársskýrslu skólaþjónustudeildar. Stöðugildi í skólaþjónustudeild eru 5,4. Sálfræðiþjónusta er veitt í verktöku. Kennsluráðgjafi tók til starfa í ágúst 2024 og leikskólaráðgjafi fór í leyfi í nóvember 2024.

Rekstrargjöld skólaþjónustudeildar voru tæpar 90 millj. kr. og var reksturinn rúmlega 2 millj. kr. yfir áætlun. Halldóra Guðlaug fór af fundi kl. 11:15.

3. *Ársreikningur félagsþjónustudeildar*

Lögð fram ársskýrsla félagsþjónustudeildar. Stöðugildi í félagsþjónustudeild eru 7,2, en heimild er fyrir 7,6 stöðugildum.

Rekstrargjöld félagsþjónustudeildar samkvæmt ársreikningi 2024 voru tæpar 150 millj. kr. Inni í þeirri fjárhæð er kostnaður við heimaþjónustu og tilsjón. Þar af eru rúmar 18 millj. kr. útlagður kostnaður fyrir sveitarfélögin, eða 1,8 millj. kr. undir áætlun.

4. *CareOn heimaþjónustukerfi*

Lögð fram greinargerð vegna heimaþjónustukerfisins CareOn, en kerfið hefur verið í reynslu og aðlögun frá nóvember 2024 sveitarfélögunum að kostnaðarlausu. Kerfið nýtist bæði starfsmönnum og notendum heimaþjónustu og er reynslan sem komin er á kerfið góð.

5. *CareOn þjónustusamningur*

Lögð fram drög að samningi milli Félagsþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Curron ehf. um notkun á CareOn heimaþjónustukerfi Curron ehf.

Kostnaður er innheimtur fyrir hvern notanda og er áætlaður fjöldi notenda u.þ.b. 120. Áætlaður kostnaður á ári er rúmar 2,8 millj. kr. á gengi dagsins í dag og eru upphæðir bundnar við vísitölu neysluverðs.

Samþykkt samhljóða að fela framkvæmdastjóra að ganga frá samningnum fyrir hönd Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu.

6. *Erindi frá fjölskyldunefnd Rangárbings eystra*

Lagt fram erindi frá fjölskyldunefnd Rangárbings eystra frá 14. maí 2025, þar sem lagt er til að Félags- og skólaþjónusta Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu geri könnun á þjónustu Félags- og skólaþjónustunnar á meðal leik- og grunnskóla á starfssvæðinu. Ástæða sé til að kanna hvort með sameiningu beggja þjónusta undir einum framkvæmdastjóra, í stað tveggja áður, hafi tekist að auka samþættingu skóla- og félagsþjónustu og þannig auka gæði og skilvirkni og jafnframt standa vörð um faglega þjónustu beggja málaflokka.

Framkvæmdastjóra falið að gera drög að þjónustukönnun og senda stjórn til yfir

7. *Önnur mál*

Engin önnur mál tekin fyrir.

Næsti fundur verður 25. ágúst kl. 9:00 á Teams.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:35.

Undirritunarsíða

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir



Undirritað af:
Margrét Harpa
Guðsteinsdóttir
1506775809
Dags: 13.06.2025
Tími: 01:27:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f44d4d2-7835-
48d6-9d9c-30b50a4dc0a1

Einar Kristján Jónsson



Undirritað af:
Einar Kristján Jónsson
1503715119
Dags: 12.06.2025
Tími: 13:53:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f44d4d2-7835-
48d6-9d9c-30b50a4dc0a1

Sigríður Karólína Viðarsdóttir



Undirritað af:
Sigríður Karólína
Viðarsdóttir
0106713299
Dags: 13.06.2025
Tími: 13:57:34
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f44d4d2-7835-
48d6-9d9c-30b50a4dc0a1

Einar Freyr Elínarson



Undirritað af:
Einar Freyr Elínarson
0212902549
Dags: 12.06.2025
Tími: 14:53:36
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f44d4d2-7835-
48d6-9d9c-30b50a4dc0a1

Kristín Hreinsdóttir



Undirritað af:
Kristín Hreinsdóttir
0801625889
Dags: 12.06.2025
Tími: 14:57:32
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 9f44d4d2-7835-
48d6-9d9c-30b50a4dc0a1